

Nd. 321. Framhaldsnefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hinn 16. des. s. l. gaf meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar út nefndarálit (þskj. 238) og lagði fram breytingartillögur (þskj. 239) við frumvarpið. Fáeinum dögum síðar flutti meiri hl. nefndarinnar nýtt frumvarp á þskj. 294 sem var 166. mál þingsins og var samþykkt sem lög frá Alþingi 20. des. 1983.

Þar sem hluti breytingartillagna meiri hl. varð að lögum með samþykkt frv. á þskj. 294 tekur meiri hl. aftur tillögur sínar á þskj. 239 en flytur í staðinn breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Í nál. meiri hl. á þskj. 238 er gerð grein fyrir málinu og brtt. Óþarfi er að fjalla ítarlegar um málið hér. Þó er 4. mgr. á bls. 2 í nál. úrelt en hún hefst á orðunum: „Tvær aðrar breytingartillögur . . .“ Í stað þess, sem þar er sagt, er rétt að eftirfarandi komi fram:

Þrjár aðrar breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið. Efnisatriði 1. og 9. gr. frv. voru afgreidd sem lög frá Alþingi 20. des. 1983 (166. mál) og er þess vegna lagt til að þessar greinar verði felldar niður úr frumvarpi þessu. Þriðja brtt. fjallar um opinbera birtingu á skattskránni en lagafrumvarp þess efnis hlaut ekki endanlega afgreiðslu á 105. löggjafarþinginu. Með því frv. fylgdu athugasemdir sem koma fram í 5. mgr. á bls. 2 á þskj. 238.

Að öðru leyti vísast til nál. undirritaðra á þskj. 238.

Alþingi, 1. febr. 1984.

Páll Pétursson,
form.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Þorsteinn Pálsson.

Geir Hallgrímsson.